



Skýrsla stjórnar Betri samgangna fyrir 2023

Ágætu hluthafar og aðrir gestir.

Að baki er þriðja heila rekstrarárið frá stofnun fyrirtækisins og má segja að það hafi gengið með ágætum.

Hluthafar okkar, ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, ákváðu 9. mars í fyrra að hefja uppfærslu Samgöngusáttmálans og að stofna viðræðuhóp með aðkomu sveitarfélaganna og forsætis-, fjármála- og innviðaráðuneyta. Nú, næstum fjórtan mánuðum síðar stendur sú uppfærsla enn yfir og ýmislegt breyst síðan.

Það má segja að uppfærsla Samgöngusáttmálans hafi litað mjög starfsemi fyrirtækisins á síðasta ári, og það sem af er þessu, enda er sáttmálinn grundvöllur starfseminnar. Stefnan hefur verið að láta uppfærsluna tefja starfsemina og framgang verkefna sem minnst, en hjá því verður þó ekki alltaf komist. Eðli málsins samkvæmt hefur talsverð vinna farið fram hjá sérfræðingum okkar, Vegagerðarinnar og ráðgjöfum í uppfærslu á tíma- og kostnaðaráætlunum, ýmissa annarra greininga auk skoðana á breyttum útfærslum og öðrum athugunum. Uppfærðum tíma- og kostnaðaráætlunum var skilað til viðræðuhópsins síðasta vor, en viðræður standa enn yfir milli hluthafa.

Það er ýmislegt sem hangir á spýtni, þótt fullur vilji sé til þess að reyna að halda verkefnum gangandi:

- Í fyrsta lagi hafa Reykjavíkurborg og Kópavogsbær ekki viljað klára aðalskipulagsbreytingar vegna fyrstu lotu Borgarlínunnar fyrr en uppfærslunni er lokið.
- Í öðru lagi höfum við ákveðið að bíða með kynningarferli vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir fyrstu lotu Borgarlínunnar, þar sem eðlilegast er að gera það samfara breytingum á aðalskipulagi.
- Í þriðja lagi bíður deiliskipulagsvinna í Kópavogi vegna tafa á breytingu aðalskipulags.
- Í fjórða lagi höfum við ákveðið að fara ekki í útboð á landfyllingum Fossvogsbrúar fyrr en uppfærslunni er lokið og við sjáum fyrir endann á skipulagi fyrir Borgarlínuna um Kársnes.
- Í fimmta lagi hefur verið beðið með möguleg kaup á lóðum við Sæbraut sem afnot þarf af á framkvæmdatíma stokks þar sem það er ekki fjármagnað í sáttmálanum eins og hann er í dag.
- Í sjötta lagi verður skýrsla fyrir mat á umhverfisáhrifum fyrir Sæbrautarstokk tilbúin á næstu dögum. Ekki verður hægt að hefja kynningarferlið fyrr en lóðarmál skýrast.

Samstarf okkar við viðræðuhópinn hefur gengið með miklum ágætum í þessu ferli. Samhliða vinnu viðræðuhópsins um uppfærslu sáttmálans hefur verið unnið að framtíðar fyrirkomulagi rekstrar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Umræðan um kostnaðarskiptingu í rekstri milli sveitarfélaganna og ríkisins hefur verið snúin eins og almennt gildir þegar þessir aðilar togast á um rekstur opinberrar þjónustu. Ég held að við séum öll sammála um að þetta ferli hafi tekið of langan tíma.



Það er ljóst að óhjákvæmilegt verður að uppfæra sáttmálann á nokkurra ára fresti, eins og tíðkast með fyrirmyndir hans í Noregi. Ef það er hægt að draga einhvern lærdóm af þessu fyrir næstu uppfærslu þá mætti segja að uppfærsla á jafn viðamiklum sáttmála sé eins og samgönguframkvæmd. Það sé mikilvægt að verja góðum tíma í undirbúning, en reyna svo að láta framkvæmdina sjálfa ganga fljótt fyrir sig. Það er því mikilvægt að tímasetja næstu uppfærslu samfara þessari og hefja undirbúning hennar með góðum fyrirvara. Vonandi verður þá búið að útkljá rekstur almenningssamgangna og aðra lausa enda þannig að uppfærsla snúist bara um kostnaðar- og tímaáætlanir. Næst ættum við að verja meiri tíma í að undirbúa uppfærsluna og uppfæra áætlanir og þá verður vonandi einfaldara að klára viðræður hluthafa.

Við tölum gjarnan um tvær hliðar Samgöngusáttmálans; fjárfestingar og fjármögnun. Framkvæmdastjóri mun fara yfir hvernig fjárfestingum hefur miðað í krónum og aurum þegar hann fer yfir ársreikninginn hér á eftir. Hvað varðar fjármögnunina þá felst hún í fyrsta lagi í framlögum frá hluthöfum, í öðru lagi flýti- og umferðargjöldum og í þriðja lagi Keldnalandinu.

Hluthafar greiða framlög sín í fjórum jöfnum greiðslum í hverjum ársfjórðungi. Þær greiðslur hafa allar borist, nema síðustu tvær greiðslur frá ríkissjóði. Það er að sögn vegna bókhaldsvandkvæða hjá ríkissjóði sem innviða- og fjármálaráðuneyti eru að leysa. Það hefur ekki komið að sök þar sem lausafjárstaða fyrirtækisins er sterk, eins og sjá má í ársreikningi hér á eftir.

Hvað varðar flýti- og umferðargjöld þá hefur talsverð vinna átt sér stað hjá okkur í samstarfi við fjármála- og innviðaráðuneyti og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í að skoða hvernig best væri að standa að gjaldtökunni. Í febrúar á síðasta ári stofnuðu fjármála- og innviðaráðuneyti verkefnastofu sem vinnur með þeim að mótun tillagna um nýtt fyrirkomulag tekna af vegasamgöngum til framtíðar, meðal annars um flýti- og umferðargjöld. Við höfum skilað okkar vinnu til þeirra, til nánari athugunar og vinnslu.

Samkvæmt sáttmálanum átti að hefja innheimtu flýti- og umferðargjalda fyrir rúmlega tveimur árum. Það er Alþingis að ákveða hvort farið verður í gjaldtökuna og hvernig hún verður útfærð, en frumvarp um hana hefur ekki enn litið dagsins ljós. Væntanlega verða nýjar tímasetningar ákveðnar með uppfærslu sáttmálans. Við áætluðum að þurfa a.m.k. eitt og hálf til tvö ár frá því að lög eru samþykkt, þar til við getum hafið gjaldtöku, þar sem ljóst er að fara þarf í útboð á tækni- og hugbúnaði vegna hennar auk rækilegrar kynningar fyrir almenning.

Alþjóðlegri samkeppni um þróunar- og uppbyggingaráætlun fyrir Keldnaland lauk nú í haust. Fimm teymi af þeim 36 sem skiluðu tillögum voru valin til að vinna áfram í öðru þrepi samkeppninnar og fékk tillaga FOJAB frá Svíþjóð hæstu einkunn dómnefndar. Nú er að hefjast vinna við rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur fyrir Keldnalandið ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppninnar. Gert er ráð fyrir að formleg skipulagsgerð taki tvö ár, að skipulagsáætlanir fyrir grunninnviði og fyrstu uppbyggingaráfanga liggi fyrir árið 2026. Svæðið í heild er alls um 115 hektarar og vinningstillagan gerir ráð fyrir að þar rísi þriggja til fimm hæða byggð fyrir að minnsta kosti tólf þúsund íbúa og átta þúsund störf með þremur Borgarlínustöðvum. Samfara uppfærslu sáttmálans er verið að vinna nýtt verðmat á grundvelli sigurtillögunnar. Ljóst er að verðmæti landsins er mun hærra en gert var ráð fyrir í sáttmálanum.



Framkvæmdastóri mun fara yfir ársreikninginn hér á eftir, en hann er áritaður athugasemdalaust af Ríkisendurskoðun. Í endurskoðunarskýrslu þeirra eru aðeins þrjár ábendingar og athugasemdir, þar af voru fyrstu tvær einnig í endurskoðunarskýrslu í fyrra. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á ábyrgð stjórnar á gerð og framsetningu ársreiknings og því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar. Í öðru lagi er bent á að fyrirtækið hafi átt í erfiðleikum með að fylgjast með kostnaði og framvindu framkvæmda hjá Vegagerðinni. Áréttað er að stjórn fyrirtækisins ber ábyrgð á verkefnum sáttmálans og verði að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Í þriðja lagi er sagt að mikilvægt sé að við endurskoðun sáttmálans verði gerð glögg og ítarleg grein fyrir ábyrgðarskilum og hlutverki allra aðila tengdum verkefnum hans.

Mönnun skrifstofu er óbreytt frá árinu áður. Starfsmenn eru aðeins þrír, en ljóst er að fjölga verður starfsfólki eftir því sem umfang verkefna fyrirtækisins eykst. Samstarfið í stjórninni hefur gengið vel, en það voru haldnir 23 stjórnarfundir á síðasta ári og þeir hafa verið sjö það sem af er þessu ári.

Hér hef ég stiklað á stóru í starfseminni á síðasta ári og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka farsælt samstarf innan stjórnar og við starfsfólk. Jafnframt þakka ég gott og árangursríkt samstarf við hluthafa okkar.